

Skógarauðlindin

Útivistarsvæði skógræktarfélaganna

Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands

Guðmundarlundi 11. júní 2022


Björn Traustason, Skógræktarfélag Mosfellsbæjar




Skógarauðlindin

Hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar

- Efnahagslegar
- Vistfræðilegar
- Félagslegar



Umfang skógarauðlindarinnar



Hvers virði er skógarauðlind skógræktarfélaganna?

- Skógar skógræktarfélaganna eru oft nýtt sem bakgarður fyrir íbúa þéttbýlisins
- Útivist og lýðheilsa eru þættir sem verða mikilvægari með hverju árinu sem líður. Skógarnir eru lykilþáttur í því
- Virði Heiðmerkur var metið fyrir rúmum áratug
 - Heiðmörk var metin á 36-87 milljarða
 - Útivistargildið var metið tífalt verðmætara en virði vatnstökunnar í Heiðmörk
 - Á núvirði er gildið 54-132 milljarðar
- Ljóst að efnahagslegt, félagslegt og vistfræðilegt gildi skóga skógræktarfélaganna er verulegt
- Á þeim tíma var ekki farið að ræða gildi skóga út frá kolefnisbindingu

Hvernig er hægt að hámarka gildi skóganna fyrir almenning?



Skógræktarfélögin hafa byggt upp auðlindina

- Í yfir 100 ár hafa skógræktarfélögin unnið að því að byggja upp þessa skógarauðlind sem við svo njótum í dag
- Mjög gott skipulag er fyrir gróðursetningar í gegnum Landgræðsluskóga
- Ekki til neitt heilstætt sambærilegt skipulag fyrir umhirðu skóganna
- Mörg skógræktarfélaganna eru rekin eingöngu af sjálfbóðaliðum og hafa oft hvorki mannskap né fjármagn til að fara í þá umhirðu og uppbyggingu sem þarf til að reka útivistarskóg

Hvaða möguleika hafa skógræktarfélagin til fjármögnunar verkefna?

Sjóðir

- Landgræðslusjóður
- Ýmsir sjóðir á vegum fyrirtækja og opinberra aðila
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Lítið fjármagn eða erfitt að fá styrki

Þjónustusamningar

- Þjónustusamningar við sveitarfélög
- Þjónustusamningar við landeigendur

Ekki sjálfgefið að þessir aðilar vilji greiða fasta fjárhæð í þjónustusamning

Hvað er þá til ráða?

- Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum hafa oft litla þekkingu á skógrækt og þeim ávinningi sem af henni hlýst
- Sjá trén vaxa en átta sig ekki á þeirri vinnu sem felst í að búa til skógarauðlind og sinna henni þannig að hún nýtist almenningi sem best
- Mikilvægt að fulltrúar skógræktarfélaganna eigi samtál við kjörna fulltrúa í hverju sveitarfélagi fyrir sig og fari yfir stöðu mála
- Innan sveitarstjórna getur verið ýmiss skoðanamunur um tegundir og hversu mikið á að gróðursetja
- Hins vegar getur enginn verið á móti bættri lýðheilsu
- Þess vegna þarf þetta að vera sameiginlegt verkefni skógræktarfélaganna og sveitarfélaganna að hlúa þannig að skóginum að hann nýtist sem best

Lausnir til framtíðar

- Allra hagur að útivistarsvæði í nálægð við þéttbýlið séu opin almenningi og umhirða sé til staðar
- Skógræktarfélagin skortir fjármagn til að standa undir rekstri sinna skógarauðlinda.
- Það þyrfti að vera til sjóður sem hægt væri að sækja um fjármagn sem myndi duga til stærri framkvæmda.
- Slíkum sjóði væri sérstaklega ætlað auka virði skógarauðlindarinnar
- Þeir aðilar sem stæðu á bak við slíkan sjóð gætu þannig auglýst að þeir tækju þátt í samfélagslega mikilvægum verkefnum sem stuðla að lýðheilsu
- Sveitarfélögin verða eftir sem áður lykilþátttakendur í að halda við þessum útivistarsvæðum með skógræktarfélagunum

Takk fyrir!



Myndir af www.freepik.com

Virði Heiðmerkur:

D. Cook, K. Eiríksdóttir, B. Davíðsdóttir, D. M. Kristófersson, 2018, The contingent valuation study of Heiðmörk, Iceland – Willingness to pay for its preservation, Journal of Environmental Management, 209: 126-138.